



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Ákvörðun nr. 8/2010 varðandi kostnaðargreiningu á heildsöluverðum Símans fyrir upphaf og aðgang símtala í GSM og UMTS farsímanetum

(markaður 15)

Apríl 2010

EFNISYFIRLIT

	Bls.
1. Samantekt og niðurstöður ákvörðunar PFS	4
2. Ákvörðun PFS nr. 4/2007	5
2.1 Kvöð um að veita aðgang að GSM farsímaneti	5
2.2 Kvöð um jafnræði	6
2.3 Kvöð um gagnsæi	6
2.4 Kvöð um bókhaldslegan aðskilnað	6
2.5 Kvöð um eftirlit með gjaldskrá	6
3. Kostnaðargreining Símans fyrir aðgang og upphaf símtala í eigin farsímaneti	7
3.1 Inngangur	7
3.2 Almennt um greiningu Símans	8
3.3 Ferill bréfaskrifta	10
4. Stofn fjárfestingar og líftími	10
4.1 Greining Símans	10
4.2 Afstaða PFS	11
5. Rekstrarkostnaður	14
5.1 Greining Símans	14
5.2 Afstaða PFS	16
6. Aðferðarfræði Símans við heimfærslu kostnaðar	16
6.1 Greining Símans	16
6.2 Afstaða PFS	20
7. Veltufjármunir	20
7.1 Greining Símans	20
7.2 Afstaða PFS	21
8. Vegið meðaltal fjármagnskostnaðar	21

8.1	Greining Símans.....	21
8.2	Afstaða PFS.....	21
9	Árlegt aðgangsgjald.....	25
9.1	Greining Símans.....	25
9.2	Afstaða PFS.....	25
10	Skráningar- og notkunargjöld.....	26
10.1	Greining Símans.....	26
10.2	Afstaða PFS.....	26
11	Birting verðupplýsinga.....	29
11.1	Krafa Símans.....	29
11.2	Afstaða PFS.....	29

1. Samantekt og niðurstöður ákvörðunar PFS

Síminn hf. (hér eftir Síminn) hefur, samkvæmt tilmælum Póst- og fjarskiptastofnunar (hér eftir PFS) og í samræmi við ákvörðun stofnunarinnar nr. 4/2007,¹ lagt fram kostnaðargreiningu á verðum fyrir aðgang og upphaf símtala í blönduðu GSM/UMTS neti sínu, sem unnin var af ráðgjafafyrirtækinu Analysys Mason (hér eftir AM). AM hefur útbúið kostnaðarlíkan til útreiknings á verðum í samræmi við LRAIC² aðferðina á grundvelli sögulegs kostnaðar Símans (e. top-down model³), en rauntölur ársins 2007 eru notaðar til að setja inn gildi í líkanið fyrir viðkomandi þjónustu.

PFS hefur yfirfarið kostnaðargreiningu Símans fyrir aðgang að farsímaneti félagsins og hyggst samþykkja kostnaðargreiningu Símans að mestu leyti óbreytta þar sem stofnunin telur hana gefa ágæta mynd af uppbyggingu og rekstri farsímanets félagsins. PFS hyggst þó gera athugasemdir og breytingar við nokkur atriði í greiningu Símans og kveða á um viðeigandi breytingar sem fela í sér lækkun á þeirri kostnaðargreindu gjaldskrá sem Síminn lagði fram.

PFS er sammála þeim meginforsendum sem Síminn leggur til grundvallar við gerð kostnaðargreiningar sinnar og telur að sú aðferðarfræði Símans, um að byggja skuli á sögulegum kostnaði, rúmist innan kröfu PFS. Samþykkir PFS enn fremur forsendur og aðferðir Símans við endurmat eigna, vísitöluútreikning, notkun verðbreytingaraðferðar (e. tilt), meðhöndlun rekstrarkostnaðar og mat á fjárbindingu í veltufjármunum. PFS gerir hins vegar breytingar á forsendum og niðurstöðum Símans vegna eftirfarandi atriða:

- Líftíma.
- Útreiknings árgreiðslu.
- Vegið meðaltal fjármagnskostnaðar (e. WACC).
- Veltufjármuna.
- Niðurstöðu um árlegt aðgangsgjald.
- Niðurstöðu um ár- og notkunartengd gjöld.

Í eftirfarandi köflum er fjallað um þá helstu þætti sem eru forsendur fyrir fyrirhugaðri afstöðu stofnunarinnar við mat á niðurstöðu Símans um gjaldskrá fyrir aðgangi að farsímaneti Símans.

Að teknu tilliti til þeirra breytinga sem PFS gerir á kostnaðargreiningu Símans vegna líftíma í útreikningi árgreiðslu og vegins meðaltals fjármagns (e. WACC) þá lækka árgjöld um 6-13%

¹ Vefslóð á ákvörðun PFS nr. 4/2007. http://pfs.is/default.aspx?cat_id=207&module_id=210&element_id=1231

² Orðskýring: Langtíma meðaltals viðbótarkostnaður. (e. LRAIC eða Long-run average incremental cost). Kostnaður sem bætist við eða sparast við það að tiltekin starfsemi bætist við eða leggst af á þeim forsendum að allur kostnaður er breytilegur.

³ The costing tool related to top-down accounting data produces cost references, which do correspond to direct references to *accounting records and asset registers*, and are based on *real existing mobile networks* and historical/current data.

og notkunartengd gjöld um einingarverð um 6-14% frá niðurstöðu Símans. Heildarkostnaðargrunnur ársins [...]»⁴

Að lokum kemur fram afstaða PFS til kröfu Símans um birtingu verðupplýsinga í viðmiðunartilboði. Telur PFS að gildandi gagnsæiskvöð nái ekki með beinum hætti yfir birtingu á verðskrá sem byggir á kostnaði fyrirtækisins. Þar að auki hafa aðstæður á markaði breyst. Af þessum sökum telur PFS því rétt að Símanum verði ekki gert skylt að birta einstök heildsöluverð í verðskrá opinberlega sem PFS hefur nú samþykkt á grundvelli kostnaðargreiningar fyrirtækisins. Símanum er hins vegar skylt að upplýsa þau fjarskiptafyrirtæki um verðskrá sína sem formlega óska eftir viðræðum um aðgang að farsímaneti Símans.

PFS byggir aðferðarfræði sína, við yfirferð kostnaðargreiningar þeirrar sem hér er til umfjöllunar, á 32. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 (hér eftir fjarskiptalög), reglugerð nr. 960/2001⁵, ERG Common Position⁶ og Commission Recommendation (2005/698/EC)⁷ og IRG Regulatory Accounting.⁸ Styðst stofnunin einnig við úrskurði úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, viðurkenndar upplýsingaveitur eins og Bloomberg, auk mats innlendra ráðgjafa og upplýsinga frá fjarskiptafélögum. Loks hefur PFS niðurstöður einstakra systurstofnana í Evrópu í kostnaðargreiningu farsímaneta til hliðsjónar.

2 Ákvörðun PFS nr. 4/2007

Með ákvörðun PFS dags. 5. febrúar 2007 lagði stofnunin eftirfarandi kvaðir á Símann á heildsölumarkaði fyrir aðgang og upphaf símtala í GSM farsímaneti fyrirtækisins.

2.1 Kvöð um að veita aðgang að GSM farsímaneti

Með heimild í 28. gr. fjarskiptalaga er lögð sú kvöð á Símann að verða við eðlilegum og sanngjörnum beiðnum um aðgang að GSM farsímaneti og þjónustu á heildsölustigi. Skal Síminn m.a. verða við eðlilegum og sanngjörnum beiðnum um:

- innanlands reiki
- samnýtingu eða samhýsingu
- aðgang til endursölu og
- sýndarnetsaðgang.

Gildir ákvæði 4. mgr. 35.gr. fjarskiptalaganna ekki þegar um reikiaðgang á grundvelli e-liðs 2. mgr. 28. gr. laganna er að ræða. Símanum er því óheimilt að bera fyrir sig undanþágu 4. mgr. 35. gr. fjarskiptalaga og skal veita aðgang að öllum GSM-farsímastöðvum sem sanngjarnt og eðlilegt er að veita aðgang að, án tillits til þess hvenær þær voru teknar í notkun⁹. Um

⁴ Upplýsingar felldar brott vegna trúnaðar. Það sama á við um upplýsingar sem fram koma í hornklofum hér að aftan.

⁵ Reglugerð nr. 960/2001 um bókhaldslega og fjárhagslega aðgreiningu í rekstri fjarskiptafyrirtækja.

⁶ ERG Common Position – Guidelines for implementing the Commission Recommendation C (2005) 3480 on Accounting Separation & Cost Accounting Systems under the regulatory framework for electronic communications - ERG (05) 29.

⁷ COMMISSION RECOMMENDATION of 19 September 2005 on accounting separation and cost accounting systems under the regulatory framework for electronic communications (2005/698/EC).

⁸ IRG Principles of Implementation and Best Practice for WACC calculation – February 2007.

⁹ Með lögum nr. 118/2008 um breytingu á lögum um fjarskipti nr. 81/2003 var 4. mgr. 35 gr. felld brott.

frekari rökstuðning vísast til umfjöllunar um innanlandsreiki í kafla 7.4.1.1 í viðauka A¹⁰ með ákvörðun PFS nr. 4/2007.

Samningum um aðgang og upphaf símtala í GSM farsímaneti Símans skal ljúka innan eðlilegra tímamarka og án óþarfa tafa. Ef Síminn hafnar beiðni um aðgang þá skal félagið gefa umsækjandanum skriflega og rökstudda ástæðu fyrir höfnuninni. Heildsöluaðgang sem Síminn hefur þegar veitt að GSM farsímaneti sínu er óheimilt að draga til baka.

2.2 Kvöð um jafnræði

Með heimild í 30. gr. fjarskiptalaga er lögð kvöð á Símann um jafnræði bæði hvað varðar verð og önnur skilyrði. Jafnræðiskvöðin skal gilda fyrir allar tegundir af heildsöluaðgangi, þ.á.m. innanlandsreiki, endursölu, sýndarnet, samhýsingu og samnýtingu. Skal sú deild Símans sem sér um veitingu aðgangs vera aðgreind frá öðrum deildum fyrirtækisins og jafnframt veita öllum sambærilega þjónustu. Ennfremur skal miðlun upplýsinga frá deildinni vera með sambærilegum hætti til óskyldra aðila og til annarra deilda fyrirtækisins. Aukinheldur skal meðferð upplýsinga sem Síminn öðlast við gerð samninga um aðgang vera í samræmi við 26. gr. fjarskiptalaga.

2.3 Kvöð um gagnsæi

Með heimild í 29. gr. fjarskiptalaga er lögð kvöð á Símann um gagnsæi og að félagið útbúi og birti viðmiðunartilboð fyrir innanlands reiki, endursölu og sýndarnet. Auk þess er lögð sú kvöð á Símann að birta upplýsingar um einkenni netsins, skilmála og skilyrði fyrir afhendingu og notkun, verðskrá og bókhaldsupplýsingar fyrir GSM farsímasvið sitt.

2.4 Kvöð um bókhaldslegan aðskilnað

Með heimild í 31. gr. fjarskiptalaga er lögð kvöð á Símann um bókhaldslegan aðskilnað. Skal slíkur aðskilnaður að lágmarki fela í sér að heildsala annars vegar og smásala GSM farsímasviðs hins vegar sé bókhaldslega aðskilin frá öðrum rekstri. Skal heildsöluverð Símans og verð innan fyrirtækisins vera gagnsætt, m.a. til að koma í veg fyrir óréttmætar niðurgreiðslur. Reynist bókhaldslegur aðskilnaður Símans ófullnægjandi áskilur PFS sér rétt til að leggja síðar fram kröfur um frekari bókhaldslegan aðskilnað.

Síminn skal aðgreina í bókhaldi sínu tekjur, gjöld, fjármuni og fjármagn fyrir GSM farsímanet sitt. Skal Síminn jafnframt afhenda PFS árlega sérgreindan rekstrar- og efnahagsreikning fyrir heildsölu og smásölu ásamt yfirliti yfir skiptingu á óbeinum kostnaði sem ekki er hægt að heimfæra með samanburði við aðra kostnaðarliði. Þurfa ofangreind yfirlit að hafa borist stofnuninni fyrir 1. apríl ár hvert fyrir árið á undan.

2.5 Kvöð um eftirlit með gjaldskrá

Með heimild í 32. gr. fjarskiptalaga er lögð kvöð á Símann um eftirlit með gjaldskrá. Skal Síminn birta í viðmiðunartilboði fyrir aðgang að GSM farsímaneti sínu og þjónustu, aðgangsverð fyrir endursölu, sýndarnet og innanlands reiki. Verð fyrir aðgang til endursölu og fyrir sýndarnet skal reiknað með smásölu mínus aðferðinni fyrst um sinn. Smásala mínus skal vera að lágmarki 35% miðað við hreinan sýndarnetsaðgang og að lágmarki 25% fyrir

¹⁰ Vefslóð á viðauka A með ákvörðun nr. 4/2007 - <http://pfs.is/upload/files/Vi%c3%b0auki%20A%20loka-%20greining%20c3%a1%20M%2015.til%20birtingar.pdf>

endursöluaðgang miðað við eðlilegan rekstrarkostnað og hæfilegan hagnað. Prósentan skal svo vera breytileg eftir því hversu mikill aðgangur að innviðum farsímanetsins er keyptur.

Að svo stöddu leggur PFS ekki skyldur á Símann að kostnaðargreina verð fyrir aðgang fyrir innanlandsreiki og samnýtingu og samhýsingu. PFS áskilur sér hins vegar rétt til að leggja skyldu á Símann um að kostnaðargreina verð fyrir innanlands reiki og samnýtingu og samhýsingu, ef frjálsir samningar takast ekki.

Komi í ljós að ákvörðun verðs samkvæmt smásölu mínus aðferðinni beri ekki fullnægjandi árangur áskilur PFS sér rétt til að leggja þá skyldu á Símann að kostnaðargreina aðgangsverð í samræmi við LRIC aðferðafræðina eða aðra kostnaðargreiningaraðferð sem PFS telur henta best.

Til að fylgjast með breytingum á heildsölugjaldskrá setur PFS það skilyrði að öll ný heildsöluverð Símans og breytingar á þeim séu tilkynnt til PFS. Ný heildsöluverð öðlast þar af leiðandi ekki gildi nema með fyrirfram samþykki PFS. Sé heildsölugjaldskrá byggð á smásölugjaldskrá Símans er nauðsynlegt að gjaldskrárnar breytist samtímis.

3 Kostnaðargreining Símans fyrir aðgang og upphaf símtala í eigin farsímaneti

3.1 Inngangur

Sú heildsöluþjónusta sem hér er til skoðunar nær yfir endursölu- og sýndarnets þjónustu sem farsímanetsrekandi (e. MNO¹¹) getur veitt öðrum fyrirtækjum og/eða sjálfum sér í formi aðgangspjónustu á heildsölustigi:

Upphaf símtala með aðgangi - veitir sýndarnetsfyrirtækjum (MVNO¹²) möguleika á að bjóða farsímaþjónustu í smásölu. Sýndarnetsaðgangur getur skipst í nokkur stig sem miðast við það hversu mikill aðgangur að innviðum fjarskiptanetsins er veittur til heildsölu. Þannig má kalla efsta stigið „Hreint sýndarnet“ („Pure MVNO“) og yrði tæknileg útfærsla þess að verulegu leyti svipuð eða sú hin sama og er fyrir reiki innanlands, að því undanskildu að sýndaraðilinn reki alls ekkert dreifikerfi. Slíkur sýndarnetsaðili getur sjálfur samið um reiki og samtengingu. Önnur stig sýndarnets eru svo þau að þjónustuaðilinn rekur eigin þjónustukerfi sem veita honum aukna möguleika til að auðkenna þjónustu sína betur frá „móðurveitunni“ svo sem eigið gjaldtökukerfi og jafnvel eigin talhólf, SMS/MMS og ýmis sérþjónustukerfi til aukinnar aðgreiningar. Slíkur þjónustuaðili semur ekki um reiki en getur þó í sumum tilvikum samið um samtengingu.

Endursala með aðgangi - veitir þjónustuaðila (SP¹³) möguleika á að endurselja farsímaþjónustu. Hann kaupir annað hvort mínútur eða flutningsgetu af farsímanetsrekanda með afslætti sem veitir honum möguleika á tekjum. Slíkur þjónustuaðili hefur takmarkaða möguleika til að bjóða önnur verð en þau sem farsímanetsrekandinn býður þar sem verðið byggir á verðskrá þess síðarnefnda. Þegar um hreina endursölu undir sjálfstæðu vörumerki er

¹¹ Skammstöfun fyrir enska heitið: *Mobile Network Operator*.

¹² Skammstöfun fyrir enska heitið: *Mobile Virtual Network Operator*.

¹³ Skammstöfun fyrir enska heitið: *Service Provider*.

að ræða, býr þjónustuaðilinn ekki yfir neinum sjálfstæðum innviðum farsímaþjónustukerfis, en selur þó þjónustu undir eigin og sjálfstæðu vörumerki og kaupir nánast alla stoðþjónustu í heildsölu.

3.2 Almennt um greiningu Símans

PFS fór fram á, í júní 2008, að Síminn kostnaðargreindi aðgangsverð fyrir sýndarnet og endursölu að farsímaneti Símans með vísun til kvaðar um eftirlit með gjaldskrá á heildsölumarkaði fyrir aðgang og upphaf símtala í almennum farsímanetum (markaður 15).

Leit PFS svo á að smásölu mínus aðferðin væri eingöngu tímabundin lausn enda ekki hentug til lengri tíma litið. Taldi stofnunin að í ljós hafi komið að ákvörðun verðs samkvæmt smásölu mínus aðferðinni hafi ekki borið fullnægjandi árangur og því væri rétt að leggja þá skyldu á Símann að kostnaðargreina aðgangsverðin.

Í ákvörðun PFS nr. 4/2007 komst PFS að þeirri niðurstöðu að gjaldskrá fyrir aðgang að farsímaneti Símans á grundvelli kostnaðar myndi fyrst um sinn byggjast á sögulegum kostnaði. Til að Síminn geti sýnt fram á að gjaldskrá fyrir ákveðna tegund aðgangs taki mið af kostnaði, er nauðsynlegt að Síminn afhendi stofnuninni lýsingu á kostnaðarbókhalda fyrir heildsöluaðgang sem birti helstu kostnaðarflokka og þær reglur sem notaðar eru til að úthluta kostnaði. Skal Síminn jafnframt leggja fyrir stofnunina vel sundurliðaða kostnaðarútreikninga þar sem allir helstu kostnaðarþættir og viðeigandi magntölur og einingaverð koma fram.

Eftirfarandi heildsöluverð fyrir aðgang skyldu leidd í ljós fyrir endursölu annars vegar og sýndarnet hins vegar:

- Árlegt aðgangsgjald,
- Tal, mínútuverð fyrir upphaf símtals (óháð því hvar símtalið endar),
- GPRS/EDGE, verð pr. MB,
- SMS, verð pr. skilaboð.

Miða skyldi við skilgreiningar og þá þjónustu sem innifalin er í framangreindum aðgangsverðum í samræmi við viðmiðunartilboð Símans um endursöluaðgang og sýndarnetsaðgang að farsímaneti Símans (Útg. 1.1-A–01.06.2008). Geri PFS kröfu um efnisbreytingar á framangreindum viðmiðunartilboðum þá skal það metið sameiginlega af Símanum og stofnuninni hvort það leiði af sér breytingar á kostnaðarlegum forsendum við útreikning aðgangsverða.

PFS benti á að gjaldskráin öðlast ekki gildi nema með samþykki stofnunarinnar. Stofnunin myndi meta út frá niðurstöðum kostnaðargreiningar Símans hvort stofnunin hygðist samþykkja gjaldskrána eða hvort hentugra væri að styðjast við aðra aðferð við ákvörðun gjaldskrár.

Í janúar 2009 lagði Síminni fram kostnaðargreiningu fyrir aðgang og upphaf símtala í blönduðu GSM/UMTS neti sínu samkvæmt tilmælum PFS. Kostnaðargreining Símans, sem unnin var í samstarfi við ráðgjafafyrirtækið AM, miðast við blandað GSM/UMTS net félagsins.

Kostnaðargreiningin byggir á sögulegum kostnaði (e. top-down model) og er notuð til að setja inn gildi í líkan sem gert er í samræmi við LRAIC aðferðina. Í beitingu á LRAIC aðferðinni er

langtíma meðaltals viðbótarkostnaður reiknaður sem beinn meðaltals einingarkostnaður og til viðbótar er sameiginlegum kostnaði dreift með hlutfallslega jöfnu álagi á einingu (e. EPMU¹⁴). Er framangreind útfærsla auðkennd sem LRAIC+.

Greining Símans byggir eingöngu á viðskiptum milli heildsölu fyrirtækisins og eigin smásölu, þar sem Síminn var ekki með viðskipti við fjarskiptafyrirtæki um endursölu- eða sýndarnetsaðgang.

Kostnaðargreining Símans á farsímaneti sínu byggir á eftirfarandi meginforsendum:

1. Sögulegur kostnaður (e. top-down model) sem byggir á fjárhagsárinu 2007.
2. Byrjar með bókhaldslegri aðgreiningu þar sem áhersla er lögð á heildsölu farsímaþjónustu, eignabókhaldi Símans (FAR) og kostnaði úr SAP bókhaldkerfi Símans þar sem rekstrarkostnaður er skráður á bókhaldslykla.
3. Kostnaður af heildar umferðamagni í farsímanetinu á árinu 2007 er reiknaður.
4. Nær bæði yfir 2G og 3G net og þjónustu, en er án NMT þjónustu.
5. Fangar kostnað kerfisins, þ.m.t. hlutdeild í sameiginlegum kostnaði, stjórnun, upplýsingatækni og yfirstjórn í samræmi við bókhaldslegan aðskilnað.
6. Reiknar „forward-looking costs“ með „tilted“ verðbreytinga árgreiðsluáferðinni (e. tilted annuity depreciation method) byggt á áætlun um svipti- eða endurkaupsvirði (e. GRC) farsímakerfisins, þar sem einnig er tekið er tillit til þess tíma sem líður frá fjárfestingu í búnaði þar til hann kemst í notkun.
7. Innifelur raun ávöxtunarkröfu sem byggist á vegnu meðaltali fjármagnskostnaðar [...] (e. WACC real) af fjármagni sem bundið er í eignum sem notaðar eru í sambandi við framboð þjónustu, og miðað er við af 30 daga fjárbindingu í veltufjármunum (e. working capital) til að tryggja eðlilegan rekstur.
8. Meðaltals viðbótarkostnaður er reiknaður út frá beinum kostnaði og umferðarmagni í farsímanetinu, auk þess sem sameiginlegum kostnaði er dreift hlutfallslega jafnt (e. LRAIC+).

Er það mat Símans að framangreind nálgun tryggji í meginatriðum trausta og nákvæma útreikninga á kostnaði við heildsöluþjónustu á árinu 2007. Síminn vísar á kostnaðargreiningu um upphaf og aðgang að farsímaneti sínu dags. 23. janúar 2009 varðandi einstök atriði vegna forsendna og útreikninga á kostnaði í farsímaneti sínu.

Í Annex A dags. 23.janúar 2009 á bls. 3 er gerð nánari grein fyrir þeirri aðferðarfræði sem Síminn beitir í kostnaðargreiningu sinni. Í Summary og Annex A, ásamt excel skjölum (sjá Annex B) og í yfirliti yfir „Service routing factors“ (sjá Annex C) koma fram forsendur og útreikningar Símans.

¹⁴ Skammstöfun fyrir enska heitið: Equi-proportional common cost.

3.3 Ferill bréfaskrifta

Þann 10. júní 2008 sendi PFS Símanum bréf þar sem farið var fram á að Síminn kostnaðargreindi aðgangsverð fyrir sýndarnet og endursölu að farsímaneti Símans með vísun til kvaðar um eftirlit með gjaldskrá á heildsölumarkaði fyrir aðgang og upphaf símtala í almennum farsímanetum (markaður 15).

Þann 30. janúar 2009 sendi Síminn kostnaðargreiningu um upphaf og aðgang að farsímaneti sínu (markaður 15) til PFS til yfirferðar, en greiningin var unnin í samstarfi við ráðgjafafyrirtækið AM fyrir Símann. Þar kemur fram samantekt á aðferðafræði við kostnaðargreininguna.

Þann 6. febrúar 2009 sendi Síminn reiknilíkön í excel formi vegna kostnaðargreiningarinnar.

Þann 21. október 2009 fór PFS fram á að Síminn sendi stofnunni upplýsingar og skýringar varðandi endurmat eigna, líftíma, eignfærslu launakostnaðar, notkunargjöld og árgjöld.

Þann 19. nóvember 2009 sendi Síminn og AM svör varðandi endurmat, líftíma, eignfærslu launakostnaðar og notkunargjöld.

Þann 24. nóvember 2009 sendi Síminn svör varðandi árlegt aðgangsgjald.

4 Stofn fjárfestingar og líftími

4.1 Greining Símans

Í kostnaðargreiningu sinni leggur Síminn sögulegan kostnað til grundvallar við mat sitt á sviptivirði eða endurkaupsverði fjármuna. Bókfærður stofn (e. GBV¹⁵) fjárfestinga í farsímaneti Símans nam [...] í árslok 2007, en afskrifaður stofn fjárfestinga (e. NBV¹⁶) nam [...]

Notar Síminn eftirfarandi aðferðafræði við mat á stofni fjárfestinga (e. capex) í kostnaðargreiningu á farsímaneti sínu.

Eignfærður fjárfestingarstofn í árslok 2007 var [...]. Á árinu 2005 voru m.a. GSM radióstöðvar (e. GSM radio equipment BTS, TRX) og GSM skiptistöðvar (e. MSC) endurmetnar, en eignir þessar höfðu áður verið afskrifaðar niður í [...] af bókfærðu verði. Voru framangreindar eignir (nr. 510641-3) metnar á alls [...] eftir að endurmat hafði farið fram. Afskriftartíma var jafnframt breytt [...] í bókhaldi félagsins. Síminn hefur í kostnaðargreiningu sinni áætlað skiptingu á framangreindum endurmetnum stofni ársins 2005 niður á árin 1997 til 2001. Skv. upplýsingum Símans þá er þessi búnaður [...] af heildarstofni fjárfestingar í farsímanetinu í árslok 2007. Síminn leigir hins vegar aðstöðu í húsnæði og möstrum (e. site assets) af Mílu eftir skiptin á félögunum á árinu 2007.

¹⁵ Skammstöfun fyrir enska heitið: *Gross book value*.

¹⁶ Skammstöfun fyrir enska heitið: *Net book value*.

Gerðar eru leiðréttingar á stofnunum [...] auk þess sem [...] [...] eða [...] af stofni er undanþegið en það er m.a. GSM búnaður sem leigður er til fyrirtækja, þráðlaust net (e. WLAN), WiMAX sendar og On-Waves búnaður. Leiðréttur stofn fjárfestingar sem byggir á eignabókhaldi Símans nemur því alls [...]

Fram kemur hjá Símanum að á árunum 2000 til 2007 hafi launakostnaður verið eignfærður árlega og að alls [...] hafi verið færðar í eignakerfi félagsins (FAR). Er þetta sérstaklega dregið fram til að hægt sé að meta verðþróun (e. price trend) þessa liðar eignfærslu sem þróaðist í samræmi við raunverðlag, en á sama tíma væri búnaður [...] [...] árlega vegna verð- og tækniþróunar.

Samtals er leiðrétt bókfært kostnaðarverð fjárfestinga Símans í farsímaneti hans að upphæð [...] í árslok 2007.

Til að leiða fram áætlað sviptivirði eða endurkaupsverð fjármuna (e. GRC¹⁷) styðst Síminn við eftirfarandi forsendur.

Síminn framreiknar leiðréttan bókfærðan stofn fjárfestingar með neysluverðsvísitölu til meðalverðlags ársins 2007 (e. real terms). Nemur framreiknaður stofn fjárfestingar, ásamt eignfærðum rekstrarkostnaði á árabílinu 2000 til 2007, alls [...] á meðalverðlagi ársins 2007.

Er jafnframt lagt mat á áætlaða raunlækkun búnaðar á tímabilinu í samræmi við verðbreytinga (e. tilt) árgreiðsluaðferðina. Síminn metur árlega raun verðbreytinga (e. price trend) búnaðar og er niðurstaða Símans að gera ráð fyrir [...] eftir einstökum fjárfestinga þáttum (e. capex activity), en hugbúnaðar o.fl. [...] Að teknu tilliti til framangreindra [...] þá er sviptivirði fjárfestingar (e. GRC) metið [...] Ekki er reiknað með verkum í vinnslu í mati á sviptivirði þar sem gert er ráð fyrir framkvæmdatíma í verðbreytinga árgreiðslu útreikningum.

Kostnaðarlíkan Símans reiknar afskriftir fjárfestinga að teknu tilliti til ávöxtunarkröfu í samræmi við veginn meðalkostnað fjármagns (e. WACC), með notkun verðbreytinga árgreiðsluaðferðarinnar (e. tilted annuity). Þessi aðferð tekur tillit til raun verðþróun eigna, þar sem lækkandi verð leiða til meiri afskrifta á fyrstu árum líftíma fjárfestingar í útreikningi á árgreiðslu. Grunnforsenda í þessum útreikningi er að áætla sviptivirði eða endurkaupsverð (e. GRC) farsímanetsins þegar árgreiðsla er reiknuð ásamt áætluðum líftíma einstakra hluta netsins. Taka útreikningar Símans einnig tillit til tímans frá fjárfestingu til notkunar.

Er niðurstaða Símans sú að árgreiðsla nemi [...] á árinu 2007 að teknu tilliti til framangreindra forsenda og WACC prósentu [...]

4.2 Afstaða PFS

Síminn nálgast sviptivirði fjárfestinga (e. GRC) á grundvelli sögulegs kostnaðar. Síminn leggur til grundvallar bókfært kostnaðarverð (e. GBV) og miðast líftími að mestu við bókfærðan líftíma (e. financial asset lifetimes). Er kostnaðarverð fjárfestingar framreiknað til meðalverðlags ársins 2007 skv. neysluverðsvísitölu og tekið tillit til [...] [...] (e. price trend) búnaðar á ári (1997-2007) og [...] verðþróunar eignfærðs launakostnaðar í samræmi við verðbreytinga árgreiðsluaðferðina (e. tilt annuity method).

¹⁷ Skammstöfun fyrir enska heitið: *Gross replacement cost*.

Vísitala (e. index)

Í samræmi við heimild stofnunarinnar í 7. gr. reglugerðar nr. 960/2001¹⁸ samþykkir PFS að kostnaðarverð fjárfestingar sem byggt er á sögulegum kostnaði sé framreiknað með neysluverðsvísitölu til meðalverðlags ársins 2007 (e. real terms).

Verðbreytingar (e. tilt)

Í samræmi við heimild PFS í 8. gr. reglugerðar nr. 960/2001¹⁹ hyggst PFS samþykkja notkun Símans á verðbreytinga árgreiðsluáðferðinni (e. tilted annuity depreciation method). Tekur verðbreytinga árgreiðsluáðferðin tillit til væntrar raunverðþróunar búnaðar (e. forward looking price trends), þar sem að á móti lækkandi verðum, koma hærri afskriftir á fyrri hluta líftíma búnaðarins en síðar, í stað jafnra afskrifta líkt og beinlínuaðferð gefur. Er þetta meðal annars vegna þeirrar áhættu sem felst í því að fjárfesta við líkar aðstæður. Er verðbreytinga árgreiðsluáðferðin nálgun á hagrænni aðferð og mun einfaldari í framkvæmd.

Síminn miðar við [...] raunverðþróun búnaðar í farsímanetinu, en eignfærður launakostnaður vegna uppsetningar búnaðar helst í hendur við þróun verðlags að mati Símans og því er miðað við [...] raunverðþróun launabáttar. Telur PFS að þau prósentuhlutföll sem Síminn notar séu í samræmi við það sem almennt er miðað við varðandi farsímabúnað. PFS fellst jafnframt á það sjónarmið Símans að miðað sé við [...] fyrir raunþróun verðbreytinga vegna vinnubáttar.

Líftími (e. lifetime)

Í stað hagræns líftíma þá styðst Síminn að mestu við bókhaldslegan afskriftartíma (e. financial asset lifetimes) og hefur þar til hliðsjónar að bókhaldslegur líftími endurspegli raun líftíma viðkomandi búnaðar.

Fræðilega séð er rétt að dreifa eða afskrifa fjárfestingarkostnaðinn á hagrænan líftíma fjármunarins. Hagrænn líftími varanlegs rekstrarfjármunar er sá tími sem rekstrarfjármunurinn endist í atvinnustarfseminni, þ.e. frá því að hann er tilbúinn til notkunar í rekstri og þar til hann verður ónothæfur eða úreldur t.d. vegna tækninýjunga. Ákvörðun afskriftartíma einstakra eigna er hins vegar alls ekki auðveld og því verður að líta til reynslu af endingartíma tiltekinnar eignaflokka sem grófa nálgun við ákvörðun afskriftarhlutfalls. Ef raunverulegum hagrænum líftíma rekstrarfjármunar er ekki lokið þegar áætluðum líftíma er náð er eðlilegt að miða við hrakvirðið 0 kr. þar sem gera þarf ráð fyrir að endurnýjun eigi sér reglulega stað vegna mikilla tækniframfara á þessu sviði.

Á árinu 2005 voru GSM radióstöðvar (e. GSM radio equipment BTS, TRX) og GSM skiptistöðvar (e. MSC) endurmetnar. Alls voru framangreindar eignir metnar á [...] [...] eftir að endurmat hafði farið fram og var afskriftartími jafnframt lengdur [...] í bókhaldi félagsins. Síminn hefur í kostnaðargreiningu sinni áætlað skiptingu á framangreindum endurmetnum stofni ársins 2005 niður á árin 1997 til 2001. Síminn leggur til grundvallar fjárfestingar árána 1997-2007, þegar fundinn er út bókfærður kostnaður fjárfestinga í GSM radióstöðvum (e.

¹⁸ Í 7. gr. reglugerðarinnar sem kveður á um eignamat segir að í þeim tilgangi að líkja sem mest eftir aðstæðum á samkeppnismarkaði skal við þessa ákvörðun nota sviptivirði starfsmáttarfjármagns sem aðferð. Jafnframt segir að í undantekningartilfellum getur PFS samþykkt til bráðabirgða að stuðst verði við sögulegan kostnað. Í slíkum tilfellum skal PFS hafa til samanburðar áætlað verð sem mundi leiða af hagkvæmum rekstri fjarskipta fyrirtækis á viðkomandi sviði.

¹⁹ Í 8. gr. reglugerðarinnar sem kveður á um afskriftir segir að beita skuli aðferð beinlínuaufskriftar við mat á árlegum afskriftum eigna sem tengjast framboði þjónustunnar, þ.e. afskrift er fundin með því að deila í sviptivirði eignarinnar með áætluðum endingartíma. Er PFS enn fremur heimilt, þegar sérstakar aðstæður krefjast þess, að samþykkja notkun annarra afskriftaraðferða og að taka tillit til hugsanlegs hrakvirðis eignar.

BTS, TRX) auk skiptistöðva (e. MSC). Eignir nr. 510641-3 í fyrningarskrá (sjá sheet CapexFAR). Er framangreint bókfært verð lagt til grundvallar við útreikning á áætluðu sviptivirði fjárfestinga (sjá sheet GRC). Hins vegar er miðað við [...] líftíma við útreikning árgreiðslu (sjá sheet TA). Kemur slíkt ósamræmi einnig fram í nokkrum tilfellum varðandi aðrar fjárfestingar en hefur þó óveruleg áhrif á heildarniðurstöðu.

PFS telur ósamræmi í metnum líftíma felast í útreikningum Símans á stofni fjárfestingar og í árgreiðslu útreikningum. Við mat á endurmetnum fjárfestingum árið 2005 miðar Síminn við [...] líftíma, en á sama tíma sé aðeins reiknað með [...] líftíma í árgreiðslu fyrir viðkomandi eignir. Síminn hefur lýst sig sammála því að ekki sé eðlilegt að framangreint ósamræmi sé til staðar og lagt til að gerð verði leiðrétting þar sem [...] í árgreiðsluútreikningum til að endurspegla lengri raunlíftíma en bókhaldslegur líftími sýnir að mati Símans.

PFS leiðréttir þetta í kostnaðargreiningu Símans og telur rétt að taka mið af þeim líftíma sem Síminn miðar við í útreikningi sínum á stofni fjárfestingar við útreikning árgreiðslu (sjá sheet TA). PFS telur að færa megi rök fyrir að 8-10 ára líftími sé nærri lagi við mat fjárfestinga sem endurmetnar voru árið 2005, og fellst því á mat Símans um að [...] líftíma GSM radíóstöðva og skiptistöðva um [...]. PFS telur að með slíkri leiðréttingu á líftíma sé ásættanlegt samræmi í meðhöndlun viðkomandi búnaðar við útreikning stofnverðs og afskrifta. Líftími GSM radíóstöðva (e. BTS, TRX) skal því vera 8,67 ár og GSM skiptistöðva (e. MSC) 8,59 ár.

Síminn byggir á bókhaldslegum afskriftartíma í kostnaðargreiningu sinni, en leiðréttir m.v. metinn raun afskriftartíma í framangreindum tilfellum. Þrátt fyrir að PFS telji eðlilegra að miða við hagrænan líftíma í öllum tilfellum hyggst stofnunin fallast á að þann líftíma búnaðar sem Síminn leggur til, sem er [...] eftir því um hvaða búnað er að ræða.

Jafnframt skulu þeir líftímar sem Síminn byggir á í kostnaðargreiningu með framangreindri leiðréttingu vera hámarkslíftímar viðkomandi búnaðar í kostnaðarlíkönum fyrir farsímaþjónustu sem byggja á sögulegum kostnaði og að hrakvirði verði metið 0 kr. að þeim tíma loknum.

Samhliða leiðréttingu á líftíma hefur Síminn lagt til að endurmetinn stofn 2005 verði skipt upp annars vegar sem búnaður og hins vegar vegna vinnuþáttar og að tekið verði tillit til þess þegar raunverðþróun er metin. Með þessu myndi stofn fjárfestingar 2007 hækka sem næmi [...] PFS hafnar þessari nálgun þar sem Síminn hefur ekki lagt fram nein sundurliðuð gögn vegna skiptingu eignfærslu ársins 2005 eins og PFS fór fram á. Jafnframt telur PFS að með því að samþykka endurmat Símans á kerfisbúnaði sem hafði að mestu verið afskrifaður í [...] af stofnverði [...] alls að fjárhæð tæplega [...] eftir endurmat á árinu 2005 sé stofnunin að koma verulega til móts við sjónarmið Símans. PFS bendir á að það sé alls ekki sjálfgefið að tekið sé fullt tillit til slíks endurmats í kostnaðargreiningu sem byggir á sögulegum kostnaði. Auk þess leggur PFS áherslu á að ein meginforsenda þess að PFS samþykki að taka fullt tillit til framangreinds endurmats Símans er að endurmetinn stofn fjárfestingar sé færður niður miðað við verðþróunarþrósentu sem sé -6% fyrir GSM radíóstöðvar (e. BTS, TRX) og -8% fyrir skiptistöðvar (e. MSC) með tilliti til þess að um er að ræða búnað sem er á lokastigi fjárfestingarskeiðs.

Niðurstæða um stofn fjárfestingar og árgreiðslu

PFS hyggst samþykkja mat Símans á stofni fjárfestingar í farsímaneti félagsins að fjárhæð alls [...] Stofnunin hefur hins vegar mælt fyrir um breytingar á lífúma og þar með afskriftartíma tiltekinna eigna eins og að framan greinir.

Að teknu tilliti til framangreindra atriða þá hefur PFS komist að þeirri niðurstöðu að árgreiðslu verði 1.738 millj. kr. [...] kr. Byggt er á kostnaðarmódeli Símans (sjá m.a. sheet „Inputs“, „GRC“, „TA“) þar sem beitt er verðbreytinga (e. tilt) árgreiðsluaðferð og miðað við 9,5% raunávöxtunarkröfu (e. WACC real).

5 Rekstrarkostnaður

5.1 Greining Símans

Síminn hefur lagt fram yfirlit yfir rekstrarkostnað (e. opex) farsímanets félagsins á árinu 2007. Síminn byggir á sögulegum kostnaði úr sínu fjárhagsbókhaldi þar sem kostnaður er heimfærður á farsímanet félagsins. Kostnaðargreining Símans miðast við blandað GSM/UMTS neti félagsins.

Sundurliðun í bókhaldi Símans miðast við að veita fjárhagslegar upplýsingar en ekki til að kostnaðargreina einstakar þjónustur. Því hefur Síminn flokkað upplýsingar úr fjárhagsbókhaldi og heimfært á einstakar þjónustur með aðferðum sem almennt eru viðurkenndar í slíkum kostnaðargreiningum. Í meginatriðum byggir Síminn á eftirfarandi aðferðarfræði.

Byrjar með bókhalslegri aðgreiningu þar sem áhersla er lögð á heildsölu farsímaþjónustu og kostnaði úr SAP bókhaldkerfi Símans þar sem rekstrarkostnaður ársins 2007 er skráður á bókhaldslykla.

Kostnaður er reiknaður af heildar umferðarmagni í farsímanetinu á árinu 2007 sem nær bæði yfir 2G og 3G net og þjónustu, en er án NMT þjónustu. Fangar kostnað kerfisins, þ.m.t. hlutdeild í sameiginlegum kostnaði, stjórnun, upplýsingatækni og yfirstjórn í samræmi við bókhaldslegan aðskilnað.

Samandreginn rekstrarkostnaður farsímanets í heildsölu skv. fjárhagsbókhaldi Símans er 1.653 millj. kr. á árinu 2007. Er honum skipt niður á helstu kostnaðarfokka með eftirfarandi hætti.

[...]

Frá heildarrekstrarkostnaði eru [...] eða [...] af kostnaði þar sem um kostnað er að ræða sem ekki telst tilheyra rekstri farsímanetsins heldur vegna vörubrúnar og þjónustuborðs sem talið er tilheyra smásöluþjónustu.

Vegna óvissu um heimfærslu á ákveðnum kostnaði í fjárhagsbókhaldi Símans þá er sá kostnaður heimfærður á starfsemi farsímanets sem viðbótarkostnaður á viðeigandi starfsþætti.



Niðurstaða Símans er sú að rekstrarkostnaður (e. opex) farsímanetsins á heildsölustigi sé [...] á árinu 2007, þar af heimfærður kostnaður á kostnaðarflokka [...] og hlutdeild í sameiginlegum kostnaði [...]

5.2 Afstaða PFS

Greining Símans á rekstrarkostnaði í blönduðu GSM/UMTS farsímaneti félagsins byggir á upplýsingum úr fjárhagsbókhaldi félagsins á rekstrarárinu 2007.

Síminn hefur lagt fram greinargóðar upplýsingar um rekstrarkostnað farsímanets félagsins ásamt umbeðnum skýringum og byggir PFS á þeim upplýsingum við mat sitt.

PFS hefur yfirfarið forsendur, útreikninga og niðurstöðu Símans yfir rekstrarkostnað (opex) farsímanetsins á heildsölustigi og gerir PFS ekki athugasemdir við framangreint.

Einnig byggir PFS á gögnum sem sýna fjárhagslega aðgreiningu í rekstri Símans í samræmi við kvöð um bókhaldslegan aðskilnað.

PFS samþykkir niðurstöðu Símans um að rekstrarkostnaður farsímanetsins á heildsölustigi sé alls [...] á árinu 2007.

PFS byggir á framangreindum forsendum og upplýsingum Símans við mat sitt en áskilur sér rétt til að endurskoða framangreinda afstöðu komi í ljós á síðari stigum að forsendur rekstrarkostnaðar hafa breyst eða að þörf sé á nánari skoðun á skiptingu einstakra kostnaðarliða á milli afkomusviða að mati PFS.

6 Aðferðarfræði Símans við heimfærslu kostnaðar

6.1 Greining Símans

Kostnaðargreining Símans byggir á sögulegum kostnaði (e. top-down model) og er notuð til að setja inn gildi í líkan sem gert er í samræmi við LRAIC+ aðferðina. Langtíma meðaltals viðbótarkostnaður er reiknaður fyrir einstakar þjónustur sem meðaltals einingarkostnaður sem byggist á beinum kostnaði og umferðarmagni, að viðbættum sameiginlegum kostnaði sem dreift er hlutfallslega jafnt á þjónustueiningar (e. EPMU).

Síminn beitir eftirfarandi aðferðum við að heimfæra kostnað á þjónustur og kostnaðarstaði.

Í kostnaðarlíkani Símans eru yfir 40 þjónustur kostnaðargreindar og kostnaður heimfærður á viðkomandi þjónustur. Í neðangreindri töflu gefur að líta yfirlit yfir umræddar þjónustur og nánari lýsingu á þeim.

<i>Service</i>	<i>Description</i>
Subscribers	Annual fee per SIM card for network SIM activities (handset and SIM card are assumed within retail)
GSM to fixed, to international and to other mobile networks	Mobile origination minutes (other mobile networks are Vodafone mobile, Nova mobile, NMT)
GSM to VMS and other services	Minutes to VMS retrieval, deposits, call centres and other value added services (including balance of minutes not explicitly identifiable from traffic data)
GSM on-net	Minutes to Síminn mobile handsets (connected to handset not VMS or diversion)
From fixed, from international, from other mobile to GSM	Mobile termination minutes from other networks
UMTS voice services	Same as GSM
NR mobile originating (MO), NR mobile terminating (MT)	Origination and termination legs of national roaming minutes (Vodafone and Nova)
GSM Intl MO, GSM Intl MT	Origination and termination legs of international roaming visitors
UMTS Intl MO, UMTS Intl MT	
GSM SMS MO, GSM SMS MT	Origination and termination SMS of Síminn customers
UMTS SMS MO, UMTS SMS MT	
GSM roaming SMS MO, GSM roaming SMS MT	Origination and termination SMS of national and international roaming handsets
UMTS roaming SMS MO, UMTS roaming SMS MT	Origination and termination SMS of international roaming visitors
Síminn GPRS Mbytes	GPRS data volumes
NR GPRS Mbytes	National roaming mobile data volume (GPRS only)
Síminn EDGE Mbytes	EDGE data volumes
3G Mbytes	R-99 and HSDPA mobile data volume
GSM data service subscription	Fixed cost per subscriber of using data services
Prepaid system check	Surcharge per originated and terminated prepaid minute and SMS in prepaid systems
Periodic location updates	Number of location updates per year for all SIMs
VAS registration	Service set-up and registration fees for Síminn VAS, per subscriber per year

Figure A.12: List of services included in the model [Source: Analysys Mason]

Til að ná utan um kostnað í farsímaneti sínu hefur Síminn skilgreint 35 kostnaðarstaði (e. „assets“). Er kostnaður vegna fjárfestinga og rekstrar heimfærður á þessa kostnaðarstaði þar sem kostnaði innan ákveðinna kostnaðarflokka (t.d. radio) er skipt á einstaka kostnaðarstaði (t.d. GSM BTS). Með þessu móti er heildarkostnaður farsímanetsins brotinn upp og heimfærður á viðeigandi stað í netinu. Inn í kostnaði sem heimfærður er á einstaka kostnaðarstaði er beinn og sameiginlegur rekstrarkostnaður, afskriftir og ávöxtun fjármagns.

Sú aðferðarfræði sem notuð er við að heimfæra kostnað á kostnaðarstaði byggist á mismunandi forsendum m.a. eftir eðli fjárfestinga, fjölda staða og magns búnaðar.

Category	Asset	Category	Asset
Radio	Site and ancillary equipment	Switching	GSM BSC
Radio	GSM BTS	Switching	GSM MSC/VLR – CPU
		Switching	GSM MSC/VLR – Ports
Radio	GSM sectors	Switching	UMTS switching
		Core	HLR
		Core	CAMEL
		Core	MACH
Radio	GSM TRX	Core	OSS GSM
		Core	OSS UMTS upgrade
		Functions	IT wholesale billing
		Functions	Numbering fees
Radio	EDGE Software	Functions	MMSC
Radio	UMTS radio network	Functions	GPRS
Backhaul	GSM last mile access	Functions	Blackberry
		Functions	OTA service for SIM function
		Functions	Prepaid systems
		Functions	SMSC
Backhaul	UMTS backhaul	Functions	TV over mobile
Backhaul	GSM regional backhaul	Functions	VAS
		Functions	VMS
		Packet data	UMTS packet data
		Common	General and Administration
Transmission	GSM inter-switch	Common	IT systems
Transmission	UMTS inter-switch	Common	Overheads

Figure A.13: Assets defined for the purposes of the model [Source: Analysys Mason]

Er einingarkostnaður fyrir einstakar þjónustur ákvarðaður út frá því hvaða kostnaðarstaði farsímanetsins þarf að nýta til að veita viðkomandi þjónustu. Fyrir hvern kostnaðarstað er skilgreindur mælikvarði eða leiðarstuðull (e. routing factor) til að ákvarða kostnað. Með því móti er fundinn út einingarkostnaður þar sem magn er lagt til grundvallar heimfærslu kostnaðar á einstakar þjónustur og leiðir fram kostnað fyrir einstaka þjónustueiningu. Getur leiðarstuðull verið mældur í magni umferðar, fjölda talmínútna, fjölda áskrifenda o.fl.

Asset	Unit cost driver (measure)	Asset	Unit cost driver (measure)
Site and ancillary equipment	Radio traffic	BSC	GSM radio minutes excluding data traffic
GSM BTS	GSM radio traffic	GSM MSC/VLR CPU	GSM MSC CPU ms loading
		GSM MSC/VLR ports	Conveyed minutes
GSM sectors –	GSM radio traffic	UMTS switching	UMTS minutes and messages (per event)
		HLR	Location updates
		CAMEL	(Inter)national roaming events
		MACH	International roaming events
GSM TRX	GSM radio traffic	OSS GSM	GSM radio minutes
		OSS UMTS upgrade	UMTS radio minutes
		IT wholesale billing	Wholesale events
		Numbering fees	SIMs
EDGE software	Subscriber registrations	MMSC	MMS events
UMTS radio	UMTS radio traffic	GPRS	GSM data
GSM LMA	GSM radio traffic	Blackberry	Subscriber registration
		OTA service	SIMs
		Prepaid systems	Prepaid credit checks
		SMSC	SMS, excluding incoming
UMTS backhaul	UMTS radio traffic	TV over mobile	Subscriber registrations
GSM regional backhaul	GSM radio traffic	VAS	Subscriber registrations
		VMS	Deposits and retrievals
		UMTS packet data	Packet data Mbytes
		G&A	Common cost EPMU
GSM inter-switch	Inter-switch minutes	IT systems	Common cost EPMU
UMTS inter-switch	Inter-switch minutes	Overheads	Common cost EPMU

Figure A.14: Routing factor measures by asset [Source: Analysys Mason]

Þegar Síminn metur mismunandi tegundir umferðar á einstökum kostnaðarstöðum (t.d. af heildarumferð á sendum) þá er mismunandi tegund umferðar umreiknuð yfir í talmínútur með eftirfarandi umbreytistuðlum:

- 1 SMS = 0,0009 talmínútur
- 1 GPRS MB = 4,7863 talmínútur
- 1 EDGE MB = 2,7654 talmínútur
- 1 UMTS MB = 4,9778 talmínútur

Þegar meta þarf kostnað í ýmsum grunn kostnaðarstöðvum (t.d. MSC) í farsímanetinu er þörf á flóknari leiðarstuðlum til að ákvarða einingarverð, en mælingum sem byggja eingöngu á magni, til að mögulegt sé að sýna mismunandi notkun og álag búnaðar vegna mismunandi tegundar umferðar á viðkomandi stöðum.

Sýnir eftirfarandi tafla helstu leiðarstuðla sem notaðir eru í kostnaðarlíkani Símans til að endurspeglja samhengi mismunandi tegundar umferðar og þess álags/kostnaðar sem slíkt veldur á einstaka kerfishluta farsímanetsins.

Service	Radio layer	MSC/VLR processing	MSC Ports	Inter-switch transmission	VMS
	Minutes plus ringing time ⁶	ms per call attempt ⁷	Minutes ⁸	Minutes	Minutes ⁹
Call origination	1 + RT	2	1	1	0
Call termination	1 + RT	5	1.5	1.5	1
On-net voice	2 + 2RT	5	1.5	1.5	1
On-net VMS calls etc	1	2	1	0.5	1
NR MO	1 + RT	2	1	1	0
NR MT	1 + RT	5	1.5	1.5	0
MO SMS ¹⁰	0.0009	1	0.0009	0.0009	0
MT SMS	0.0009	1	0.0009	0.0009	0
GPRS ¹¹	4.7863	0	0	4.7863	0
EDGE ¹²	2.7654	0	0	2.7654	0
3G data ¹³	4.9778	0	0	4.9778	0
Location updates	0	1	0	0	0

Figure C.1: Main routing factors [Source: Analysys Mason]

6.2 Afstaða PFS

PFS telur Símann hafa lagt fram vel rökstudd og sundurliðuð gögn um einstaka þætti farsímanetsins. Hefur kostnaður m.a verið greindur niður á helstu kostnaðarflokka, kostnaðarstaði og þjónustur.

PFS samþykkir þá aðferðarfræði sem Síminn beitir við heimfærslu kostnaðar á kostnaðarstaði. Með kostnaði er átt við rekstrarkostnað og afskriftir og ávöxtunarkröfu þeirra fjármuna sem þarf til að veita viðkomandi farsímaþjónustu.

Jafnframt er það mat PFS að aðferðir og notkun Símans á umbreytingar- og álagsstuðlum við útreikning á einstökum þjónustum séu í samræmi við viðurkenndar aðferðir í kostnaðargreiningu á farsímanetum.

PFS byggir á ofangreindum forsendum og upplýsingum Símans við mat sitt. Hins vegar áskilur PFS sér rétt til að endurskoða framangreinda afstöðu komi í ljós á síðari stigum að upplýsingar reynist ófullnægjandi eða forsendur hafa breyst.

7 Veltufjármunir

7.1 Greining Símans

Síminn telur rétt að gert sé ráð fyrir veltufjármögnun (e. working capital) til að starfshæfni viðkomandi rekstrareiningar sé tryggt og kostnaður fjárbindingar metinn. Veltufjárbinding kemur ekki fram í bundnu fjármagni vegna fjárfestingar í farsímaneti eða rekstrarkostnaði. Ráðgjafi Símans (AM) telur rétt að miðað sé við lausafé sem samsvarar 30 daga útgjöldum og að ávöxtunarkrafa sé reiknuð af því fjármagni, í samræmi við það sem tíðkast í sambærilegum útreikningum eftirlitsstofnana. Veltufjárbindingin er því reiknuð 30 dagar/365 dagar x WACC og nemur alls [...] á árinu 2007, sem samsvarar [...] af rekstrarkostnaði farsímanetsins.

7.2 Afstaða PFS

Þegar lagt er af stað í fjárfestingu er eðlilegt að gera ráð fyrir að binda þurfi fjármagn til að viðhalda rekstrarhæfni og þar með gera fjármagnskröfu á þessa fjárbindingu, sem endurspeglar þá þjónustu sem fjárfestingin snýr að. Þjónustustig sem felst í veltufjárbindingu er háð fjárhagsskipan félagsins, en veltufé er fjármagnað með eigin fé og skuldum. Meta þarf því í hverju tilfalli fyrir sig hve mikil fjárbindingin þarf að vera svo að þjónustustig sé í lagi, en slíkt getur oft verið flókið að meta.

Með hliðsjón af úrskurði úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála nr. 4/2009 í máli Mílu gegn PFS og almennri framkvæmd í kostnaðargreiningum á farsímanetum, hyggst PFS fallast á aðferð Símans við mat á fjárbindingu í veltufjármunum. Þar sem PFS hyggst ákvarða [...] ávöxtunarkröfu en Síminn notar þá lækkar þessi liður um því sem það nemur. Nemur veltufjárbindingin 12,2 millj. kr. á árinu 2007 eða því sem samsvarar [...] af rekstrarkostnaði.

8 Vegið meðaltal fjármagnskostnaðar

8.1 Greining Símans

Samkvæmt útreikningi Símans er nafnverðs ávöxtunarkrafa [...] fyrir skatta (e. pre-tax) byggt á vegnu meðaltali fjármagnskostnaðar (e. WACC). Síminn telur hins vegar gagnsærra að notast við raunkostnað, þar sem tekið er tillit til verðbólgu annað hvort við framreikning fjárhæða í samræmi við verðþróun eða í WACC útreikningum. Er það því niðurstaða Símans að notast við raun ávöxtunarkröfuna [...] (e. WACC real) þegar kemur að kostnaðarútreikningum fyrir farsímanet sitt.

8.2 Afstaða PFS

PFS hefur yfirfarið forsendur og útreikninga fyrirhugaðrar ákvörðunar sinnar varðandi WACC útreikninga m.a. með hliðsjón af framsetningu Símans og komist að eftirfarandi niðurstöðu:

Raun ávöxtunarkrafa (e. real)

PFS telur notkun WACC raunvaxtalíkans eðlilegast við útreikning á ávöxtunarkröfu þegar fundin er árgreiðsla fjárfestinga hverju sinni. PFS metur það svo að um raunkostnað sé að ræða þegar byggt er á sögulegum kostnaði og fjárfestingar framreiknaðar miðað við vísitölu. Því eigi að styðjast við raunvexti í útreikningum á vegnum fjármagnskostnaði. Að öðrum kosti verður niðurstaðan bjöguð þar sem verðbólguþáttur er innifalinn í nafnvöxtum. Fjárfestingar sem hafa verið færðar á kostnaðarverði eru framreiknaðar með neysliverðsvísitölu eða annarri vísitölu, auk þess að tekið er tillit til þess að um raunverðþróun er að ræða þegar verðþróun búnaðar o.fl. er metinn. Slíkir útreikningar eru liður í mati á raunvirði fjárfestinga hverju sinni þar sem reynt er að nálgast sviptivirði eða endurkaupsverð fjárfestingarinnar á þeim tíma sem er til skoðunar. Rekstrarkostnaður er jafnframt raunkostnaður viðkomandi rekstrarárs sem hafður er til viðmiðunar um kostnað á ársgrundvelli.

PFS gengur út frá því að um reglulega endurskoðun á kostnaðarútreikningum verði að ræða og gjaldskrár endurmetnar til hækkunar eða lækkunar út frá niðurstöðu slíks endur mats.

Áhættulausir vextir (e. risk free rate)

PFS notast við vexti verðtryggðra ríkisskuldabréfa eða skuldabréfa með ríkisábyrgð með meðaltíma (e. duration) 10 ár eða lengur til að reikna áhættulausa vexti. PFS telur að 10 ára meðaltími eða lengri endurspegli endingartíma eignanna sem um ræðir auk þess sem sá tími sé almennt notaður í verðmötum á fyrirtækjum.

PFS telur rétt að nota meðaltalsvexti þess tímabils sem til skoðunar er, þ.e. eitt ár. Auk þess er litið til meðalvaxta s.l. 5 ára og leiðrétt ef óeðlileg frávik koma fram við samanburð framangreindra tímabila. Aðferðinni er ætlað að koma í veg fyrir að tímabundnar vaxtabreytingar hafi óeðlileg áhrif á ávöxtunarkröfuna.

Miðað við þessa aðferðarfræði og að árgreiðslan er reiknuð miðað við árið 2008 er notast við HFF 1504 2034 verðtryggð skuldabréf Íbúðalánasjóðs. Meðalvextir tímabilsins 1. janúar 2007 til 31. desember 2007 eru 4,83% sem er hæsta ársmeðaltalið á tímabilinu 2003 – 2007, en er þó innan eðlilegra vikmarka að mati PFS miðað við 5 ára meðaltal árána 2003 – 2007.

Beta áhættustuðull β (e. beta parameter, breyta)

Að mati PFS er nauðsynlegt að nota viðmið sambærilegra fyrirtækja erlendis, þar sem fjarskiptafélög eru ekki á hlutabréfamarkaði á Íslandi og að valin séu eins samanburðarhæf viðmið og mögulegt er. Byggist umrætt viðmið þá á meðaltali þeirrar atvinnugreinar sem verið er að skoða.

Er stuðst við Bloomberg upplýsingaveituna og miðað við vestur-Evrópsk samanburðarfélög, sem talin eru sambærilegust við íslensk félög. Er niðurstaðan svo borin saman við upplýsingar frá fjarskiptafyrirtækjum, Ibbotson og fleiri aðilum. Á grundvelli framangreindrar aðferðar fæst sú niðurstaða að óvoguð (e. unlevered) beta fyrir fjarskiptafyrirtæki sé almennt á bilinu 0,3 til 0,8. Þessi framsetning, að hafa óvogaða betu á ákveðnu bili, kemur til af því að söfnin eru nokkur og sumar breytur skekktu jafnframt safnið vegna mikilla frávika frá meðaltali og miðgildum.

Er það og niðurstaða PFS að miða skuli við óvogaða betu fyrir Símann 0,59 vegna ársins 2007 og er það í samræmi við meðaltal samanburðarfélaga frekar en að miða við lægri mörk safnsins. PFS á ekki von á mikilli sveiflu á óvogaðri betu fyrir árið 2009 en fylgst verður þó með almennri þróun óvogaðra betu hjá samanburðarfélögum Símanns.

Óvogaða betu skal voga (e. levered) miðað við viðeigandi skuldsetningu og skatthlutfall. Er að finna nánari umfjöllun um skuldsetningu og skatthlutfall í samnefndum kafla. Er óvoguð beta voguð í samræmi við Modigliani-Miller Formula, en þá er tekið tillit til áhættu vegna skuldsetningar, auk skatthlutfalls, sbr. neðangreinda formúlu:

$$\beta_{assets} = \beta_{equity} / (1 + (1-t) * (D/E))$$

þar sem:

Beta assets β_{assets} jafngildir óvogaðri betu og beta equity β_{equity} jafngildir vogaðri betu.

Markaðsálag (e. market risk premium)

Markaðsálag hefur sögulega verið á bilinu 4-7%. Er það mismunandi hvaða tala á þessu bili er notuð við verðmat en PFS miðar við sögulegt álag áhættulausra vaxta. Þar sem álag langt

aftur í tímann er skoðað þarf mikla breytingu til lengri tíma til að hafa áhrif á markaðsálag. PFS tekur einnig tillit til ERG/IRG viðmiða (e. benchmark) frá s.l. árum og ber saman við það sem almennt gerist hér á landi.

PFS fellst á að notast við 5,5% markaðsálag án landsáhættu í kostnaðargreiningu ársins 2007, þrátt fyrir að slíkt markaðsáhættuálag teljist í efri mörkum í langtímasamhengi og 5,0% álag sé nærri lagi fyrir árið 2007. PFS hefur jafnframt stuðst við 5,5% markaðsálag vegna ársins 2008. Er það álit PFS að ekki sé viðeigandi að gera ráð fyrir landsáhættu þar sem starfsemi Símans sem um ræðir er á Íslandi, tekjur eru aðallega í íslenskum krónum og eigandi félagsins íslenskur.

Vaxtaálag (e. company specific debt premium)

PFS hefur lagt til að notast verði við raunávöxtun eins og áður hefur komið fram. Raunvextir skulda bera síðan ákveðið vaxtaálag sem endurspeglar markaðsaðstæður hverju sinni. Þetta álag er ákvarðað af PFS. Á þann hátt er ekki verið að refsa eða umbuna aðilum sem hafa ekki skuldsett fyrirtæki sín á sem hagkvæmastan hátt. PFS mun gefa út skuldaálag sem nota skal ár hvert.

Ef horft er til erlends samanburðar er algengt að álag sé á bilinu 1%–2%, en hér á landi hefur álag á bilinu 2% - 3% verið algengara.

PFS mælir fyrir um að 2,5% skuldaálag verði notað, þó færa megi rök fyrir lægra álagi vegna ársins 2007. Hyggst PFS jafnframt styðjast við 2,5% skuldaálag vegna árána 2008 og 2009. Er álagið í samræmi við þau kjör sem fyrirtæki hérlendis hafa fengið á síðustu misserum og að teknu tilliti til aðstæðna á markaði, en einnig er tekið tillit til þess að miðað er við langtímalántöku.

Skuldahlutfall (e. gearing)

Í 9. gr. reglugerðar nr. 960/2001 segir að miða skuli við lögbundinn ársreikning viðkomandi fyrirtækis og að reikna skuli hlutfallið á milli eigin fjár og vaxtaberandi skulda. Þrátt fyrir að PFS líti á Símann og Mílu sem eina efnahagslega einingu (e. single economic unit) í samkeppnislegu tilliti þá telur stofnunin rétt í þessu tilfelli að miða við efnahag hvers fyrirtækis um sig þegar skuldahlutfall er reiknað.

Í árslok 2007 námu vaxtaberandi skuldir Símans 58% og eigið fé félagsins 42% skv. efnahagsreikningi félagsins þann 31. desember 2007. Fyrir árið 2007 gildir því skuldahlutfallið 58% fyrir Símann.

Skatthlutfall (e. tax rate)

Samkvæmt 9. gr. reglugerðar nr. 960/2001 skal taka tillit til frádráttarbærni vaxta gagnvart útreikningi tekjuskatts þegar vegið meðaltal fjármagnskostnaðar er reiknað. Skal miðað við WACC fyrir skatta af eigin fé sem sýnir þá ávöxtun sem reksturinn þarf að skila til að eigendur fái eðlilegan arð af fjárfestingu sinni. Hins vegar er tekið tillit til skattahagræðis lánsfjár.

PFS telur að tekjuskatthlutfall fyrirtækja hverju sinni sé besti mælikvarðinn við útreikning á WACC. Mun gagnsærra og einfaldara sé að notast við tekjuskatthlutfall heldur en virkt skatthlutfall (e. effective tax rate). PFS hefur því í hyggju að notast við gildandi skatthlutfall á viðkomandi tímabili hverju sinni í þessum útreikningum, sem var 18% á árinu 2007.

Niðurstaða PFS um ávöxtunarkröfu

Veginn meðalkostnaður fjármagns (e. WACC) miðað við fyrirhugaðar forsendur PFS sem lýst hefur verið hér að framan má sjá í töflunni hér að neðan.

Útreikningur á raun ávöxtunarkröfu Símans

Áhættulausir vextir	4,83%
Óvoguð beta	0,59
Voguð beta	1,26
Skuldir/eigið fé	1,38
Markaðsálag	5,50%
Ávöxtunarkrafa eigin fjár	11,75%
Áhættulausir vextir	4,83%
Skuldaálag	2,50%
Kostnaður skulda	7,33%
Vaxtaberandi skuldir %	58,00%
Eigið fé %	42,00%
Skatthlutfall	18,00%
Kostnaður skulda eftir skatta	6,01%
Ávöxtunarkrafa eigin fjár eftir skatta	11,75%
Ávöxtunarkrafa eigin fjár fyrir skatta	14,33%
WACC	9,50%

Niðurstaða PFS um veginn meðalkostnað fjármagns (raunávöxtun WACC) fyrir Símann er 9,5% fyrir árið 2007. Reiknað er með ávöxtunarkröfu eigin fjár fyrir skatta, en hins vegar er tekið tillit til skattahagræðis vaxta af lánsfé í samræmi við reglugerð nr. 960/2001 og fyrri niðurstöðu PFS sem staðfest var með úrskurði úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála nr. 4/2009.

9 Árlegt aðgangsgjald

9.1 Greining Símans

Síminn áætlað að kostnaður vegna innleiðingar og reksturs m.v þriggja ára samningstíma um endursölu- eða sýndarnetsaðgang nemi [...] Í núverandi viðmiðunartilboðum um endursölu- eða sýndarnetsaðgang er árlegt aðgangsgjald m.v. þriggja ára samning verðlagt [...]. eða [...] á samningstímanum. Síminn sagði að upphaflegt árgjald byggðist á áætluðum kostnaði en þar sem gerður hafi verið samningur við Tal á síðasta ári hafi í framhaldi verið unnin innleiðingarátætlun fyrir Tal. Var þar m.a farið í ítarlega kostnaðargreiningu við innleiðinguna. Núverandi kostnaðargreining byggði á þeirri vinnu.

Síminn telur að ekki sé mögulegt að meta mismunandi kostnað eftir því hvort um endursölu (SP) eða sýndarnets (MVNO) þjónustu sé að ræða í árlegum kostnaði. Síminn hefði aldrei fyrr framkvæmt innleiðingu fyrir sýndarnetsaðila og þurfi því að byggja á áætlun fyrir vinnu. Að mati Símans voru ekki talin rök fyrir að kostnaður innleiðingu á SP væri annar en við innleiðingu á MVNO.

Lagði Síminn fram sundurliðaða útreikninga í excel skjali vegna innleiðingar og reksturs á 3ja ára tímabili, samtals [...] í heild eða sem samsvarar [...]

9.2 Afstaða PFS

Síminn telur ómögulegt að meta kostnað mismunandi eftir því hvort um endursölu (e. SP) eða sýndarnets (e. MVNO) þjónustu sé að ræða í árlegum kostnaði. Síminn hefði aldrei framkvæmt innleiðingu fyrir sýndarnetsaðila og þurfi því að byggja á áætlun fyrir vinnu. Síminn metur það svo að ekki séu rök fyrir því að kostnaður við innleiðingu á SP sé annar en við innleiðingu á MVNO.

PFS telur að árlegt aðgangsgjald fyrir endursölu- og sýndarnetsaðgang eigi að vera mismunandi eðli málsins samkvæmt. Hyggst stofnunin þó, að þessu sinni, fallast á að hvort sem um er að ræða endursölu- eða sýndarnetsaðgang þá skuli miða við sama árgjald. Telur PFS hins vegar rétt ef fjarskiptafyrirtæki óskar eftir sýndarnetsaðgangi að þá skuli fara fram kostnaðargreining sem byggji á rauntölum eins fljótt og auðið er. Komi í ljós að kostnaður sé lægri en við endursöluaðgang skv. ákvörðun PFS skuli viðkomandi viðskiptavinur Símans njóta þess strax í lægri gjöldum og ný árgjöld taka miða af niðurstöðunni.

PFS hefur á þessu stigi málsins ekki tök á að sannreyna þann tímafjölda sem liggur á bak við kostnaðargreiningu á árlegu aðgangsgjaldi og mun því einungis samþykkja árlegt aðgangsgjald til bráðabirgða. PFS gerir hins vegar athugasemd við þann taxta sem Síminn miðar við í sínum útreikningum, en um er að ræða hæsta útsölutaxta verk- og tæknifræðinga (E2) hjá Símanum. Telur stofnunin miðað við umfang, samnýtingu og eðli þeirrar vinnu sem um er að ræða að eðlilegt sé að Síminn veiti að lágmarki 15% afslátt af framangreindum taxta, sem væri þó hærri en almennur taxti (D) verk- og tæknifræðinga.

Í samræmi við framangreint er það niðurstaða PFS að árlegt aðgangsgjald á fyrstu þremur árum samningstímans verði að hámarki [...] á ári og innifeli bæði innleiðingu og rekstur m.v. þriggja ára samningstíma eða samtals [...] á samningstímanum. Árlegt aðgangsgjald skal svo [...] á ári eftir það, í samræmi við metinn rekstrarkostnað. Um hámarksgjald er að ræða.

PFS hefur það í huga við fyrirhugaða ákvörðun um aðgangsgjald að Síminn býður afsláttarkjör í samræmi við aukið magn umferðar, sbr. ákvarðanir PFS nr. 19/2009 og 20/2009 um viðmiðunartilboð Símans fyrir endursölu- og sýndarnetsaðgang. Er viðsejendum með því tryggt kjör sem taka mið af umfangi viðskipta hverju sinni.

10 Skráningar- og notkunargjöld

10.1 Greining Símans

AM hefur útbúið kostnaðarlíkan til útreiknings á verðum í samræmi við LRAIC+ aðferðina á grundvelli sögulegs kostnaðar Símans (top-down model), en rauntölur eru notaðar til að setja inn gildi í líkanið fyrir viðkomandi þjónustu. Eftirfarandi niðurstaða byggist á kostnaðargrunni ársins 2007 þar sem um blandað 3G og 2G net er að ræða. [...] Til grundvallar eftirfarandi gjaldskrá er heildar viðbótarkostnaður (e. total incremental cost) að fjárhæð [...] reiknaður sem sá kostnaður sem hægt er að heimfæra beint á skilgreinda kostnaðarstaði og þjónustur. Þar af er rekstrarkostnaður (e. opex) [...] og afskriftir og fjármagnskostnaður af fjárfestingum (e. capex) [...]. Sameiginlegum kostnaði (e. total common cost) að fjárhæð [...] er síðan dreift hlutfallslega á framangreindan stofn eða sem nemur [...] álagi (EPMU) og er heildarkostnaður því alls [...] vegna ársins 2007. Þessum heildarkostnaði er dreift á einstakar þjónustur í samræmi við lýsingu í kafla 6 hér að framan og kostnaðarverð leidd fram sem meðaltals einingarkostnaður.

Í niðurstöðu Símans hvað varðar notkunargjöld, sem gefur að líta hér fyrir neðan, gilda sömu notkunarverð endursölu- (SP) og sýndarnetsaðgang (MVNO), en mismunur liggur hins vegar í árgjöldum. Síminn telur að í grundvallaratriðum séu sömu þættir kerfisins nýttir við flutning símaumferðar viðskiptavina sýndarnetsaðila og endursöluaðila. Síminn segir að mestu sé um sama kostnað að ræða hvað varðar símsstöðvarhluta, flutning og senda. Mismunur sé hins vegar á kostnaði vegna þjónustu Símans við sýndarnetsaðila annars vegar og endursala hins vegar sem birtist í árlegum gjöldum fyrir viðkomandi þjónustu. Sýndarnetsaðili hefur umfram endursöluaðila möguleika að bjóða ýmiss konar virðisaukandi þjónustu með eigin miðlægum búnaði í samræmi við uppbyggingu þess búnaðar.

Niðurstaða Símans um gjaldskrá fyrir árgjöld og notkunartengd gjöld fyrir endursölu- og sýndarnetsaðgang er eftirfarandi:

[...]

Eftirfarandi er samandregið yfirlit yfir aðfanganotkun í útreikningum Símans á einingarverðum sem byggja á rauntölum ársins 2007.

[...]

10.2 Afstaða PFS

PFS fellst á aðferðarfræði Símans við kostnaðargreiningu á upphafi og aðgangi í farsímaneti fyrirtækisins, með tilteknum breytingum vegna meðhöndlun líftíma í útreikningi árgreiðslu og vegins meðaltals fjármagns (e. WACC). Að teknu tilliti til þeirra breytinga sem PFS gerir á

kostnaðargreiningu Símans [...] árgjöld [...] notkunartengd gjöld [...] frá niðurstöðu Símans. Heildarkostnaðargrunnur ársins 2007 lækkar [...] eða því sem samsvarar [...] og skiptist með eftirfarandi hætti.

[...]

PFS telur rétt að Síminn bjóði mismunandi verð eftir því hvort um er að ræða endursölu- eða sýndarnetsaðgang. Í kjölfar markaðsgreiningar á markaði 15 var lögð á kvöð um eftirlit með gjaldskrá og mælt fyrir um notkun smásölu mínus aðferðarinnar. Símanum var gert skylt að veita 25% afslátt til endursala og 35% afslátt til sýndarnetsaðila. Miðað við framangreindar forsendur var mínútuverð fyrir upphaf símtals sem lauk í öðru neti [...] fyrir sýndaraðgang en endursöluaðgang. Ekki var gert ráð fyrir árlegum gjöldum o.fl. sem taka verður tillit til þegar framangreint er borið saman við kostnaðargreinda gjaldskrá Símans.

PFS fór fram á rökstuðning Símans á þeirri niðurstöðu sinni að notkunargjöld í gjaldskrá fyrir einstakar þjónustur væru þau sömu fyrir endursölu- og sýndarnetsaðgang að farsímakerfi Símans. Í svari Símans kemur fram að í grundvallaratriðum væri lítill munur á kostnaði Símans vegna umferðar hvort sem um væri að ræða endursölu- eða sýndarnetsaðgang þar sem sömu kerfishlutar væru nýttir að mestu. Hins vegar lægi munur í skráningar- og gagnflutningskostnaði sem kæmi fram í árlegum gjöldum, auk kostnaðar vegna notkunar sem rekja má til fyrirframgreiddra áskrifta (e. prepaid system check). Endursali þarf, umfram það sem sýndarnetsaðili gerir að jafnaði sjálfur, að kaupa þjónustur vegna aðgangs að skráningar- og gagnaflutningskerfum (e. SIM registration, GSM data services) auk virðisaukandi þjónustu Símans. Sé tekið tillit til mismunandi vægi þjónustu fyrir endursöluaðgang og sýndarnetsaðgang sem gjaldfærð er með árgreiðslum er raun mismunur metinn allt að 13% í samræmi við þá verkþætti sem sýndarnetsaðili framkvæmir á eigin vegum umfram endursöluaðila. Framangreint er háð uppbyggingu kerfis sýndarnetsaðila hverju sinni.

Að framangreindu virtu telur PFS að uppbygging gjaldskrár Símans uppfylli kröfu um að hlutlægur munur sé fyrir mismunandi gjaldtöku eftir því hvort um er að ræða endursölu- eða sýndarnetsaðgang.

PFS hefur gert samanburð á kostnaðarverðum Símans við verð annarra fjarskiptafyrirtækja í Evrópu sem teljast hagkvæmt rekin og eru verð Símans með þeim lægstu í þeim samanburði. Því er það niðurstaða PFS að farsímanet Símans teljist hagkvæmt rekið.

Niðurstaða PFS er sú að Síminn skuli miða við eftirfarandi gjaldskrá fyrir árgjöld og notkunartengd gjöld fyrir endursölu- og sýndarnetsaðgang. Gjaldskráin skal gilda þar til ný kostnaðargreining hefur farið fram og samþykki PFS liggur fyrir.

[...]

Um er að ræða einingarverð fyrir blandað kerfi GSM og UMTS, þar sem GSM búnaður er á síðari stigum líftíma síns á meðan UMTS er á fyrstu stigum. Einingarverð mun svo taka mið af þróun farsímanets Símans frá GSM yfir í UMTS, sem leitt getur til breytilegs verðs. Síminn reiknar með að raun einingarverð lækki þegar til lengri tíma er litið í samræmi við aukna hlutdeild 3G búnaðar í stað 2G búnaðar í farsímaneti Símans. Hærra hlutfall fjárfestinga í 3G búnaði mun leiða til hagkvæmari fjárfestingu í farsímanetinu með samsvarandi lækkun verða.

Skal eftirfarandi verðskrá gilda fyrir endursölu- og sýndarnetsaðgang Símans hf. þar til ný kostnaðargreining hefur farið fram. Öll verð eru án virðisaukaskatts.

Verð fyrir endursöluaðgang:

a) Aðgangsgjald

Árlegt aðgangsgjald 19,9 millj. kr. fyrir aðgang að farsímaneti Símans miðað við þriggja ára samningstíma.

b) Árgjöld

SIM kort - skráning (registration)	203 kr.
Tilkynningar um staðsetningu SIM korts	94 kr.
Virðisaukandi þjónusta pr. SIM kort	676 kr.
Gagnaflutning pr. SIM kort	177 kr.

c) Notkunartengd gjöld fyrir tal, SMS og gögn

Upphafsgjald pr. mínútu	2,89 kr.
Innankerfisgjald pr. mínútu	5,62 kr.
SMS upphafsgjald pr. skeyti	1,91 kr.
MMS upphafsgjald pr. skeyti*	1,91 kr.
GPRS pr. Mbyte	22,59 kr.
Athugun á inneign á frelsi pr. mín. eða SMS	0,73 kr.

* Að auki er greitt fyrir stærð MMS skeytis í KB.

Verð fyrir lúkningu í önnur fjaraskiptanet fer eftir verðskrá viðkomandi fjarskiptafyrirtækis um lúkningu á hverjum tíma.

Verð fyrir sýndarnetsaðgang:

a) Aðgangsgjald

Árlegt aðgangsgjald 19,9 millj. kr. fyrir aðgang að farsímaneti Símans miðað við þriggja ára samningstíma.

b) Árgjöld

Tilkynningar um staðsetningu SIM korts	94 kr.
Virðisaukandi þjónusta pr. SIM kort	676 kr.
Gagnaflutning pr. SIM kort	177 kr.

c) Notkunartengd gjöld fyrir tal, SMS og gögn

Upphafsgjald pr. mínútu	2,89 kr.
Innankerfisgjald pr. mínútu	5,62 kr.
SMS upphafsgjald pr. skeyti	1,91 kr.
MMS upphafsgjald pr. skeyti*	1,91 kr.
GPRS pr. Mbyte	22,59 kr.

* Að auki er greitt fyrir stærð MMS skeytis í KB.

Verð fyrir lúkningu í önnur fjarskiptanet, þ.m.t. farsímanet Símans, fer eftir verðskrá viðkomandi fjarskiptafyrirtækis um lúkningu á hverjum tíma.

11 Birting verðupplýsinga

11.1 Krafa Símans

Í athugasemdum Símans við drög að ákvörðun PFS nr. 19/2009 og 20/2009 um breytingar á skilmálum viðmiðunartilboða um endursölu- og sýndarnetsaðgang að farsímaneti Símans, krafðist Síminn þess að fyrirtækinu yrði ekki gert skylt að birta trúnaðarupplýsingar í hlutaðeigandi viðmiðunartilboðum.

Gerir Síminn þá kröfu að fyrirtækinu verði ekki gert skylt að birta trúnaðarupplýsingar í viðmiðunartilboðinu, og þá einkum verðskrár og aðra kostnaðarliði sem Síminn telur eðlilegt að fari leynt. Telur Síminn það, að keppinautur Símans á þessum markaði geti ávallt skoðað hvað Síminn býður viðsemjendum sínum, óeðlilegt í samkeppnislegu tilliti. Um lagaheimild fyrir framangreindri undanþágu vísar Síminn í 2. másl. 1. mgr. 29. gr. fjarskiptalaga. Er þar kveðið á um að heimilt sé að veita undanþágu frá birtingu upplýsinga ef fjarskiptafyrirtæki getur sýnt fram á að þær varði mikilvæga fjárhags- eða viðskiptahagsmuni sem sanngjarnt og eðlilegt er að leynt fari.

Síminn segist hafa lagt sig fram undanfarið um að fá endursöluaðila inn á farsímanet sitt. Grunnur að samningaviðræðum við endursöluaðila og sýndarnetsrekendur eru viðmiðunartilboð Símans. Þegar Síminn og Vodafone keppast um að ná þeim aðilum inn á farsímanet sín liggur tilboð Símans fyrir opnum tjöldum og því hægur vandi fyrir Vodafone að gera tilboð sitt þannig úr garði að það félag tryggi sér viðskiptin. Kvaðir sem hvíla á Símanum umfram Vodafone endurspegla því ekki að það er raunveruleg samkeppni á milli Símans og Vodafone um þau farsímafyrirtæki sem ekki hafa yfir að ráða landsdekkandi farsímaneti, ýmist í reiki, endursölu eða með sýndarneti.

Telur Síminn að verðskrár og kostnaðarupplýsingar séu viðkvæmar viðskiptaupplýsingar og því séu skilyrði ákvæðisins, um að veitt sé undanþága frá skyldunni til að birta þær, uppfyllt með vísan til framangreinds rökstuðnings.

11.2 Afstaða PFS

Í fyrrnefndum ákvörðunum PFS um breytingu á viðmiðunartilboðum Símans fyrir endursölu- og sýndarnetsaðgang kemur eftirfarandi fram sbr. ákvörðun PFS nr. 20/2009:

„Eins og fram kemur í 2. másl. 1. mgr. 29. gr. fjarskiptalaga er heimilt að veita undanþágu frá birtingu upplýsinga ef fjarskiptafyrirtæki getur sýnt fram á að þær varði mikilvæga fjárhags-

eða viðskiptahagsmuni sem sanngjarnt og eðlilegt er að leynt fari. Að mati Símans eru verðskrár og kostnaðarupplýsingar viðkvæmar viðskiptaupplýsingar og telur Síminn óeðlilegt í samkeppnislegu tilliti að keppinautur Símans á hlutaðeigandi markaði geti ávallt skoðað hvað Síminn býður viðsejendum sínum sem óska eftir aðgangi. Með vísan til þessa telur Síminn skilyrði ákvæðisins um að veitt sé undanþága frá skyldunni til að birta umræddar trúnaðarupplýsingar vera uppfyllt.

Í ákvörðun PFS nr. 4/2007 kemur skýrlega fram að Síminn skuli birta aðgangsverð fyrir endursölu- og sýndarnetsaðgang í viðmiðunartilboði fyrir aðgang að farsímaneti sínu, sbr. kafla 2.1.5, og hefur tilgangur þessara kvaðar verið útskýrður hér á undan, sem og í umræddri ákvörðun.

Meginreglan er sú að aðilar semji sín á milli um verð fyrir aðgang sem tekur mið af þeim viðmiðunartilboðum sem Síminn birtir, sbr. kafla 7.4.1.3. í viðauka A með ákvörðun PFS nr. 4/2007. Í sömu ákvörðun kemur fram að viðmiðunartilboðin verða að innihalda einhverjar upplýsingar um verð og þess vegna lagði PFS til að byrjað yrði að styðjast við smásöluverð mínus aðferðina við ákvörðun á aðgangsverði fyrir sýndarnet og endursölu þar til kostnaðargreining Símans á farsímaneti fyrirtækisins lægi fyrir. Síminn hefur nú afhent PFS kostnaðargreiningu á heildsöluverðum í farsímaneti fyrirtækisins og má vænta þess að yfirferð hennar ljúki von bráðar hjá PFS. Í ljósi þess að PFS hefur ekki samþykkt kostnaðargreinda verðskrá Símans telur stofnunin ótímabært að taka afstöðu til kröfu fyrirtækisins um að hún skuli vera undanþegin opinberri birtingu, sbr. 2. másl. 1. mgr. 29. gr. fjarskiptalaga. Samkvæmt þessu skal bráðabirgðaverðskrá Símans vera opinber, þ.e. sú verðskrá sem Síminn birtir nú þegar á heimasíðu fyrirtækisins, enda hefur til þessa ekki hvílt leynd yfir henni. Þegar PFS hefur farið yfir kostnaðargreind verð Símans, og hugsanlega mælt fyrir um breytingar á þeim, mun stofnunin taka afstöðu til kröfu Símans um að verðskráin skuli vera undanþegin opinberri birtingu. Með vísan til ofangreinds fellst PFS ekki, að svo stöddu, á kröfu Símans um að fyrirtækinu verði ekki gert skylt að birta trúnaðarupplýsingar í viðmiðunartilboðinu. Tekin verður afstaða til þessara kröfu Símans í sérstakri ákvörðun PFS um kostnaðargreiningu fyrir umræddan markað.

Síminn birti núverandi verðupplýsingar í viðmiðunartilboðum sínum sem birtust þann 1. janúar 2009 er byggðu á kostnaðargreiningu fyrirtækisins. PFS samþykkti framangreind verð með fyrirvara um samþykki á kostnaðargreiningu Símans. Með ákvörðun þessari hefur PFS samþykkt verðskrá Símans fyrir endursölu- og sýndarnetsaðgang með tilteknum breytingum.

Síminn fer nú fram á að kostnaðargreind verðskrá fyrirtækisins fyrir endursölu- og sýndarnetsaðgang verði ekki birt opinberlega og vísar Síminn í heimild þess efnis sbr. 2. másl. 1. mgr. 29. gr. fjarskiptalaga. Er þar kveðið á um að heimilt sé að veita undanþágu frá birtingu upplýsinga ef fjarskiptafyrirtæki getur sýnt fram á að þær varði mikilvæga fjárhags- eða viðskiptahagsmuni sem sanngjarnt og eðlilegt er að leynt fari.

Í ákvörðun PFS nr. 4/2007, um aðgang og upphaf símtala í almennum farsímanetum (markaður 15), kemur skýrlega fram að Síminn skuli útbúa og birta viðmiðunartilboð endursölu- og sýndarnetsaðgang og birta upplýsingar um einkenni netsins, skilmála og skilyrði fyrir afhendingu og notkun og ásamt tilheyrandi verðskrá. Með ákvörðun PFS var m.a. lögð kvöð á Símann um gagnsæi sem fól í sér að Símanum er skylt að birta viðmiðunartilboð um aðgang og tengda aðstöðu og þjónustu. Að mati PFS reynir ekki á 2. másl. 1. mgr. 29. gr. fjarskiptalaga eins og hér háttar til. Í greiningu PFS á markaði fyrir aðgang og upphaf símtala í farsímanetum kemur fram í gagnsæiskvöð að Símanum beri að birta verðskrá fyrir endursölu- og sýndarnetsaðgang. Var

jafnframt sett kvöð á Símann um eftirlit með gjaldskrá og að verð skyldu ákveðin með smásölu mínus aðferð. Fram kom það sjónarmið PFS að smásölu mínus aðferðin væri eingöngu tímabundin lausn og því væri betra þegar til lengri tíma er litið að aðgangsverð byggðust á kostnaðargreiningu. Hins vegar setti PFS ekki beinlínis kvöð á Símann um að kostnaðargreina aðgangsverð fyrir endursölu- og sýndarnetsaðgang.

Aðstæður á heildsölumarkaði fyrir aðgang og upphaf símtala hafa breyst nokkuð frá álagningu kvaða á árinu 2007. Farsímanet Símans og Vodafone hafa í dag landsdekkandi útbreiðslu, en net Símans var áður eina landsdekkandi netið. Auk þess hefur Nova byggt upp þriðja farsímanetið sem dekkar nú helstu þéttbýlissvæði, en var ekki til staðar þegar framangreind ákvörðun var tekin.

Sýndarnets- og endursöluaðgangur fyrir aðila sem ekki eru tengdir viðkomandi netrekendum eignarhaldslega hefur í raun aðeins verið í boði í stuttan tíma. Framboð á slíkri þjónustu hjá Símanum er undir eftirliti PFS frá því að settar voru kvaðir á félagið um að veita slíka heildsöluþjónustu með ákvörðun nr. 4/2007. Heildsöluþjónusta hjá Vodafone er frekar nýtilkomin, en það félag er ekki undir kvöðum PFS á þessum markaði.

Með framangreindum breytingum á síðustu misserum telur stofnunin að skapast hafi fyrsti vísir að samkeppni á heildsölumarkaði fyrir sýndarnets- og endursöluaðgang að farsímanetum. PFS telur þó að ekki sé hægt að draga neinar ályktanir varðandi þróun markaðarins að svo stöddu þar sem lítil reynsla er komin á samkeppni á markaðinum. Jafnframt er ljóst að enn eru aðeins tvö landsdekkandi farsímanet starfrækt á Íslandi og því er um fákeppni að ræða sem takmarkar mögulega samkeppni.

Ljóst er að Síminn og Vodafone hafa keppt um viðskipti á þessu sviði í einhverjum mæli undanfarið sem gerir það að verkum að upplýsingar um heildsöluverð þeirra eru viðkvæmari nú en áður. Undanþága frá opinberri birtingu verðskrár dregur úr líkum á því að samkeppnisaðilar séu samstíga Símanum í verðlagningu sem eykur líkur á raunverulegri verðsamkeppni.

PFS lítur svo á að núverandi gagnsæiskvöð nái ekki yfir birtingu á verðskrá sem byggir á kostnaði fyrirtækisins þar sem samhliða var ekki lögð bein kvöð á fyrirtækið um að gjaldskrá byggði kostnaðargreiningu. Kostnaðargreind verð eru mun viðkvæmari viðskiptaupplýsingar en verð sem ákveðin eru með smásölu mínus aðferð. Með því er markaðsaðilum ekki einungis ljóst hvaða verð Síminn býður á heildsölumarkaði heldur einnig hver kostnaðargrunnur fyrirtækisins er. Aðrir bera ekki samsvarandi kvaðir og geta því samið um heildsölu á þjónustu sinni án þess að verð séu birt opinberlega. Þetta veitir samkeppnisaðilum Símans aukin tækifæri í samningum um heildsöluviðskipti umfram Símann.

PFS metur það svo að mikilvægt sé styðja við þá þróun sem átt hefur sér stað á markaðinum til að stuðla að aukinni samkeppni. Niðurstaða PFS er því sú að Símanum verði ekki gert skylt að birta verðskrá opinberlega sem PFS hefur nú samþykkt á grundvelli kostnaðargreiningar fyrirtækisins. Hins vegar er Símanum skylt að upplýsa þau fjarskiptafyrirtæki sem formlega óska eftir viðræðum um sýndarnets- eða endursöluaðgang að farsímaneti Símans verðskrá þess. Síminn skal verða við beiðnum um formlegar viðræður án óþarfa tafa, en að öðrum kosti geta viðkomandi aðilar fengið umræddar upplýsingar hjá PFS meti stofnunin það svo að um eðlilega og sanngjarna beiðni sé að ræða.

Einn megintilgangur þess að birta verðskrá í viðmiðunartilboði hjá fyrirtæki með umtalverða markaðshlutdeild á viðkomandi markaði er að tryggja gagnsæi og jafnræði á markaði. Það auðveldar nýjum fyrirtækjum að koma inn á markaðinn ef fyrirsjáanlegt er hvaða kjör eru í boði varðandi aðgang og þjónustu sem þau þurfa að kaupa. PFS telur að þessu markmiði sé náð þrátt fyrir að verðskrá verði ekki gerð opinber í viðmiðunartilboði þar sem Símanum er gert skylt að upplýsa um verðskrá fyrirtækisins til fjarskiptafyrirtækja sem formlega óska eftir viðræðum um aðgang að farsímaneti félagsins eins og áður segir.

PFS telur jafnframt að það stuðli ekki að aukinni samkeppni á viðkomandi markaði miðað við núverandi samkeppnisstöðu, né vera sanngjarna kröfu, að upplýsingar eins og kostnaðargreind verð séu birtar samkeppnisaðilum sem hafa ekki þörf fyrir viðkomandi þjónustu undir venjulegum kringumstæðum. Slíkt geti unnið gegn hagsmunum nýrra aðila sem vilja hasla sér völl á markaðinum og gert samningsstöðu slíkra aðila lakari gagnvart öðrum stórum netrekendum. Hins vegar er nýjum aðila tryggt að hann getur leitað eftir aðgangsverðum sem byggjast á rekstri hagkvæms farsímanets hverju sinni og þar með lagt mat á hagkvæmni þess að semja um slíkan aðgang hjá Símanum eða öðrum netrekanda sem býður slík þjónustu eða byggja upp eigið net.

Þá skal Síminn senda PFS afrit af öllum samningum sem gerðir eru um aðgang og upphaf í farsímaneti Símans.

Fellst PFS jafnframt á að upplýsingar um einstaka kostnaðarliði í kostnaðargreiningu þessari er teljast varða mikilvæga fjárhags- eða viðskiptahagsmuni séu undanskildar opinberri birtingu.

ÁKVÖRÐUNARORÐ

Póst- og fjarskiptastofnun samþykkir kostnaðargreiningu Símans hf. fyrir endursölu- og sýndarnetsaðgang að farsímaneti fyrirtækisins, dags. 23. janúar 2009, með þeim breytingum sem mælt er fyrir um í viðauka við ákvörðun þessa.

Símanum hf. er ekki skylt að birta einstök heildsöluverð í verðskrá opinberlega. Síminn hf. skal hins vegar upplýsa þau fjarskiptafyrirtæki sem formlega óska eftir viðræðum um aðgang að farsímaneti Símans hf. umrædd verð.

Hin nýja verðskrá Símans hf. skal taka gildi þann 1. júní 2010, en félagið skal tilkynna viðsemjendum sínum um verðskrárbreytinguna með a.m.k. 40 daga fyrirvara, sbr. 4. kafla viðmiðunartilboða Símans hf. um endursölu- og sýndarnetsaðgang, dags. 1. janúar 2010.

Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar.

Reykjavík, 16. apríl 2010.

Hrafnkell V. Gíslason

Óskar Þórðarson

Viðauki

við ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 8/2010

Fyrirmæli um breytingar

Póst- og fjarskiptastofnun mælir fyrir um eftirfarandi breytingar á kostnaðargreiningu Símans á heildsöluverðum fyrir upphaf og aðgang símtala í GSM / UMTS farsímaneti fyrirtækisins.

▪ **Líftími skal vera sem hér segir:**

Líftími GSM radióstöðva (e. BTS, TRX) skal vera 8,67 ár [...] og líftími GSM skiptistöðva (e. MSC) 8,59 ár [...]

▪ **Árgreiðsla skal vera sem hér segir:**

Vegna breytinga á líftíma og vegnu meðalkostnaði fjármagns skal árgreiðsla vera 1.738 millj. kr. [...]

▪ **Vegið meðaltal fjármagnskostnaðar (e. WACC) skal vera sem hér segir:**

Niðurstaða PFS um veginn meðalkostnað fjármagns fyrir Símann skal vera 9,5% [...]

▪ **Veltufjárbinding skal metin sem hér segir:**

Þar sem PFS mælir fyrir um lægri ávöxtunarkröfu en Síminn notar þá lækkar þessi liður og skal veltufjárbindingin metin 12,2 millj. kr. [...]

▪ **Árlegt aðgangsgjald skal vera sem hér segir:**

PFS mælir fyrir um að árlegt aðgangsgjald á fyrstu þremur árum samningstímans verði að hámarki 19,9 millj. kr. á ári [...] og innifeli bæði innleiðingu og rekstur m.v. þriggja ára samningstíma eða samtals 59,7 millj. kr. á samningstímanum [...]. Árlegt aðgangsgjald skal svo lækka í 11,9 millj. kr. á ári eftir það, í samræmi við metinn rekstrarkostnað. Um hámarksgjald er að ræða.

▪ **Ár- og notkunartengd gjöld skulu vera sem hér segir:**

Verð fyrir endursöluaðgang

Árgjöld

SIM kort - skráning (registration)	203 kr.
Tilkynningar um staðsetningu SIM korts	94 kr.
Virðisaukandi þjónusta pr. SIM kort	676 kr.
Gagnaflutning pr. SIM kort	177 kr.

Notkunartengd gjöld fyrir tal, SMS og gögn

Upphafsgjald pr. mínútu	2,89 kr.
Innankerfisgjald pr. mínútu	5,62 kr.
SMS upphafsgjald pr. skeyti	1,91 kr.
MMS upphafsgjald pr. skeyti*	1,91 kr.
GPRS pr. Mbyte	22,59 kr.
Athugun á inneign á frelsi pr. mín. eða SMS	0,73 kr.

* Að auki er greitt fyrir stærð MMS skeytis í KB.

Verð fyrir sýndarnetsaðgang

Árgjöld

Tilkynningar um staðsetningu SIM korts	94 kr.
Virðisaukandi þjónusta pr. SIM kort	676 kr.
Gagnaflutning pr. SIM kort	177 kr.

Notkunartengd gjöld fyrir tal, SMS og gögn

Upphafsgjald pr. mínútu	2,89 kr.
Innankerfisgjald pr. mínútu	5,62 kr.
SMS upphafsgjald pr. skeyti	1,91 kr.
MMS upphafsgjald pr. skeyti*	1,91 kr.
GPRS pr. Mbyte	22,59 kr.

* Að auki er greitt fyrir stærð MMS skeytis í KB.

Öll verð eru án virðisaukaskatts.